



Formentera

Illes Balears



FORMENTERA
LEIÐBEINGAR FERÐAMANNSINS

Leiðbeiningar ferðamannsins

Edita i publica:
Consell Insular de Formentera
Desembre 2014

Dipòsit legal:
DL F 58-2016

Disseny gràfic:
patrigea@gmail.com

EFNISYFIRLIT

Staðsetning	3
Strendur	5
Áhugaverðir staðir	9
Minnismerki	13
Verslun	15
Ferðapjónusta og afþreying	19
Tenglar	23
Skipuleggðu ferðina	27





Philippe Céo

2 ES CALÒ DES MORT

A map of Europe and the Mediterranean region. An arrow points from the word 'FORMENTERA' on the map to the text on the right. The map shows the outlines of the continents and the sea.

STAÐSETNING

Formentera er minnsta byggða eyja Baleareyjanna. Hún er aðeins rétt rúmlega 3km suður af Ibiza, en fjarlægðin á milli hafna eyjanna er 19km. Þótt eyjan sé litil eða aðeins 83 km² gerir óregluleg lögun hennar það að verkum að strandlengjan er afar löng miðað við stærð eyjunnar, eða 66km². Eftir endilangri sjávarströndinni má finna marga vogi og vikur af öllum stærðum, og afskekkt skot sem hægt er að gleyma sér. Formentera er litil eyja, en aðgengileg og þægileg. Hægt er að hjóla um hana alla eftir grænum stigum, í gegnum furu- og einiskóga, saltnámur og sveitir. Formentera er einstök vegna ósnortinnar náttúruferðar með sandhólum og ströndum í framúrskarandi ásigkomulagi.

Þegar gengið er á land á Formentera tekur friður og ró á móti manni, en það eru einkenni eyjunnar sem gera hana frábregna öðrum stöðum. Um leið gæntekur manni einstakur sjórinn vegna þærleika og óviðjafnanlegs túrkisliutarins sem minnir á hifabeltið, og ferðarinnar sem stafar af stórum sléttum af njarðargrasi en þær eru á heimsminjaskrá UNESCO frá árinu 1999.

FORMENTERA



CALA SAONA

STRENDUR

Formentera er mjög vogskorin og er þar finna fjöldann allan af ströndum með hvítum sandi og tæru hafi með blöndu af bláu og túrkis sem koma á óvart. Á eyjunni er hægt að finna allt frá litlum, afskekktum vikum til langra draumastranda, en alls staðar er hægt að njóta friðar og rólegheita í ósnortnu, náttúrulegu umhverfi. Sérstaða Formentera og einkenni er fegurð strandlengjunnar og sú staðreynd að fáar byggingar eru við ströndina. Áratugum saman hefur takmarkið verið sjálfbær þróun og þess vegna er í dag hægt að njóta fegurðar strandanna sem jafnast á við paradís en með allri þeirri þjónustu og öryggi sem fylgir vestrænum stöðlum.

Strendur Náttúruverndarsvæðisins Ses Salines :

Þær eru á norðanverðri eyjunni nálægt Savina-höfninni en þaðan er auðvelt að fara gangandi eða á hjóli um stígin „Sa Guia“, sem er gönguleið 1 í Græna Hringnum. Til þess að komast að ströndinni á ökutæki er farið eftir aðalveginum til Illetes, næg bilastæði eru til staðar, og er krafist gjalds fyrir staðin. Gjaldið er upp í viðhaldskostnað og gerir ferðamönnum kleift að hvíla ökutækin á meðan heimsókn stendur á náttúruverndarsvæðinu. Aðgengi fyrir fótgangandi vegfarendur og hjólandi, á rafmagnsknúnum ökutækjum eða almenningssamgöngum, er endurgjaldslaust.

• **Cavall d'en Borrás-ströndin.** Þessi strönd er nálægust höfninni. Hún er róleg með tærum sjó. Við hana er að finna fallegan einiskóg þar sem hægt er að hvíla sig á sólinni á heitasta tíma dagsins.

• **Pilletes-ströndin.** Illetes-ströndin tekur við af Cavall d'en Borrás-ströndinni og nær yfir allan austurhluta strandtungunnar á Es Trucadors-tanganum. Nafnið („litlu eyjurnar“) sækir ströndin til allra litlu eyjanna sem eru fyrir utan ströndina. Þetta er þekktasti ferðamannastaðurinn á eyjunni vegna túrkislitar sjávarins sem er einstaklega tær. Vegna þess að yfirleitt er ekki mikið um öldur á þessari strönd líkist hún frekar náttúrulegri sundlaug. Auk þessa má finna markskonar þjónustu eins og veitingastaði, búðir, hengirúm og sóhlífar, sem og ferðaþjónustu og ýmskonar afþreyingu. Engu að síður má þar einnig finna rólega, afskekktu staði við enda strandarinnar þar sem hún er hvað mest vogskorin, þar sem ökutæki komast ekki að.

STRENDUR

· **Racó de s'Alga-ströndin.** Racó de s'Alga-ströndin er á Espalmador-eyju sem liggur fyrir utan des Trocador-tangan. Espalmador er ósnortin eyja 2 km² að stærð, hér um bil engar bygginga eru á eyjunni og er hún sérstaklega vernduð. Á eyjunni er lön úr leðju sem á fyrri árum var fjölsótt af ferðamönnum sem sóttu í leðjuna, en vegna þess að staðurinn er varpsvæði fugla er ekki heimilt að nota leðjuna, auk þess sem ferðamönnum er ráðlagt að gera það ekki vegna heilsufarslegra ástæðna.

· **Llevant-ströndin.** Hún er á austanverðum Es Trucador-tanganum. Þetta er löng strönd og þess vegna er þar að finna marga rólega og afskekktu staði þrátt fyrir nálægð við vinsæla áfangastaðinn Illetes-ströndina. Vegna austanvindsins sem blæs yfirleitt á ströndinni er þar að finna mikinn öldugang yfir sumartímann. Auk þess má þar finna fjölda veitingastaða og búða.

Es Pujols- og Sa Roqueta-strendurnar.

Es Pujols-ströndin er á norðausturhluta eyunnar og er í laginu eins og skel. Hún er bæði sand- og klettaströnd, og á lágum klettunum eru fiskimannakofar. Á ströndinni er að finna fallegan gangstig og við hann má eru margar búðir og veitingastaðir, auk þess eru þar settir upp sölubásar með minjagripum þegar kvöldu tekur. Norður af Es Pujols má finna Sa Roqueta en klettur skilja strendurnar að. Sa Roqueta er rólegur fjölskyldustaður sem liggur suður af Levante-ströndinni.



STRENDUR

· **Migjorn-ströndin.** Migjorn-ströndin er lengsta strönd eyjunnar (5 km²), og nær hún yfir allan bogann sem nær yfir suðurhluta eyjunnar, þar sem finna þá bæði rólegar sandfjörur og klettastrendur. Vegna umfangs og landfræðilegrar legu hennar er ströndin ein af þeim rólegustu á eyjunni. Hægt er að komast að henni eftir ótalmörgum leiðum sem liggja í gegnum þéttan einiskóg. Eftir endilangri ströndinni er að finna veitingastaði, búðir, hótél og fyrirtæki sem sérhæfa sig í vatnaþróttum. Svæðin á ströndinni bera mismunandi örnefni, frá vestri til austurs er þær að finna í þessari röð: Mal Pas, Ca Mari, Còdol Foradat, Arenals, Copinar, Caló d'es Mort.

· **Cala Saona-ströndin.** Þetta er litil strönd (140m) á austurhluta eyjunnar og er hún fjölsótt vegna einstaks landslags: frá skóginum sem liggur umhverfis hana er hægt að sjá að Ibiza og einstaka hamrana á Punta Rasa, en auðveldlega er hægt að komast að þeim fótgangandi, og á leiðinni er fjöldi veitingastaða og búða. Fjaran er einstaklega effirsótt og mikils metin vegna sólarlagsins, en margar fjölskyldur kjósa að njóta þess á þessum stað vegna þess að dýpi sjávar er ekki mikið á þessum stað.

· **Ses Platgetes-ströndin.** Austanmegin eyjunnar, á klettóttri og rólegri Tramuntana-ströndinni er að finna þessa litlu strönd með fínum sandi sem liggur handan við þorpið Es Caló, á milli lágra kletta.





Amparo Artas

8 SES SALINES

ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Formentera er þekkt fyrir strandir og tæran sjó, en í sveitum eyjunnar er að finna lítil og falleg þorp, vita, turna og myllur, vötn og saltnámur, hvelvingar og helli, og fallega eini- og furuskóga á milli sandhóla og duttlungafultra kletta.

- **Es Caló de Sant Agustí.** Lítið og dæmigert fiskiþorp þar sem hægt er að smakka á lystisemdum hafsins. Mælt er með því að skoða náttúrulega höfnina og heimsækja veitingastaðina sem bjóða upp á hefðbundna matargerð. Umhverfis þorpið má sjá miklar andstæður: kletta með duttlungafullri lögun, fiskiköfa á dreifð, sandfjörurnar í Ses Platgetes í vestri og hamrana í La Mola í austri. Auk þess er upphafspunktur gönguleiðar 10, „Camí de Sa Pujada“ í Græna Hringnum ekki langt undan, en gaman er að ganga í spor ágústínsku munkanna sem bjuggu eitt sinn í La Mola og gengu frá höfninni upp stíginn.

- **La Mola-vitinn.** La Mola-vitann sem er á austasta tanga eyjunnar telja margir ferðamenn vera töfrum gæddur, eins og vitinn á heimsenda. Við vitann er að finna minnisvarða sem reistur var til heiðurs Jules Vernes sem nefnir eyjuna og vitann á nafn í bók sinni „Héctor Servadac (viajes y aventuras a través del mundo solar)“. Hæsti punktur eyjunnar er Sa Talaiassa en hann er 195m á hæð. Sléttan við La Mola er frábær staður til að hefja göngu eftir stígnum sem liggja um skógana og sem leiða að ósnortnu sveitalandslagi, fjarri fjölförnustu ferðamannstöðum sumarsins, nema þá ef vera skyldi á markaðsdögum.

- **Cap de Barbaria-vitinn.** Cap de Barbaria-vitinn stendur á höfða umkringdum klettum við suðurströnd eyjunnar, þar sem hæsti tindur er 108 m. Þetta er einnig ómótstæðilegur staður sem vekur upp sterka frelsistilfinningu. Á höfðanum sést vitinn rísa og það minnir margan ferðalanginn á fræga senu í myndinni „Lucía y el sexo“ eftir Julio Médem. Þetta er samkomustaður til þess að njóta sólaralagsins og útsýnis til töfrandi eyjunnar Es Vedrá. Það er mikilvægt að heimsækja og ganga um þennan stað til þess að átta sig á því hversu einstakur hann er og stórbrotinn. Skammt undan er turn frá 18. öld, Garroveret-turninn, sem á sínum tíma stóð vörð um eyjuna.

- **Estany des Peix.** Estany des Peix er lítið lón sem tengist sjónum um lítinn ós sem gerir litlum bátum kleift að sigla á lóninu. Við lónið eru stendur þar sem mögulegt er að baða sig. Þetta er tilvalinn staður til þess að æfa vatnsíþróttir eins og brim- og seglbretti og kajakróður. Auk þess mælum við með því að gegnið sé kringum lónið til að njóta umhverfsins.

10 ES CAP DE BARBARIA



ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

• Estany Pudent et Ses Salines.

Estany Pudent er stóra stöðuvatnið sem er norðanmegin á eyjunni, á milli þorpanna Savina og Es Pujols, og þar er bannað að baða sig. Hinsvegar er mælt með því að ganga eða hjóla um svæðið og saltnámuna sem er umhverfis vatnið, til þess að njóta landslagsins og skoða allann þann fjölda af fuglum sem verpa á þessu svæði, eða hvíla sig á leið eitthvert annað.

Auk þess eru saltnámurnar yfirlýst menningarverðmæti á Formentera því námuvinnslan var meginuppistaða efnahags eyjunnar fyrir tíma ferðaiðnaðarins, og er saltið talið vera mikið gæðasalt.

• Can Marroig og Punta de Sa Pedrera

Á milli hafnarinnar í Savina og Cala Saona er að finna torfæra strönd með undarlegum en forvitnilegum klettamyndunum sem þekktist undir nafninu Sa Pedrera og var eitt sinn grjórnáma. Ef siglt er að ströndinni er hægt að njóta alls þess sem hafið býður upp á. Mælt er með snorki vegna þess að hér er grunnsvævi nálægt ströndu og vegna Njarðargrassins er einstaklega fallegt að kafa á þessum stað. Þetta fjölbreytta landslag er svo fullkomnað með næsta skógi þar sem sem finna má Can Marroig-búgarðinn, þar sem útbúin hefur verið veitingastofa, og varðturninn Sa Gavina. Gönguleið 4, „Camí de Can Marroig“ í Græna Hringnum tengir saman áhugaverðustu staðina.





MINJAR

- **Sant Francesc Xavier-kirkjan.** Þessi kirkja lætur lítið yfir sér en þykkt veggja hennar gefur til kynna að henni var ætlað að verjast árásum innrásarmanna. Dyrnar vekja sérstaka athygli en þær eru klæddar jærnplötum. Bygging kirkjunnar lauk 1738 og er hún í höfuðstað eyjunnar á móti Consell Insular.
- **sa Tanca Vella- kapellan.** Kapellan var byggð á fyrri hluta 14. aldar og var tileinkuð Sankti Valero. Hún er ekki mikil að stærð en hana prýðir hvelfing. Kapellan er í Sant Francesc Xavier-borpinu og hefur verið í eign þess síðan 1986.
- **Nýsteinaldarbyggðin í Cap de Barbaria.** Byggðin í Cap de Barbaria sýnir að þetta svæði var þéttbyggt í kringum 1600-1000 f. kr. Um þrjár mismunandi byggðir er að ræða þar sem fundist hafa merkilegi hlutir eins og keramik, bein og bronsstykki.
- **Rómanski kastalinn í de Can Blai.** Minjar réttmyndrar varðstöðvar með turni á hverju horni og enn einum við innganginn til þess að verja hann. Kastalinn sem er í tíu km fjarlægð frá La Savina og La Mola uppi í hæðunum, áhuga eyjaskeggja á að verjas alla strandlengjuna.



MINJAR

· Moli Vell de La Mola


Þetta er ein af sjö vindmyllum sem störfuðu á eyjunni. Hún var komin í gang 1778 og er enn í góðu ásigkomulagi, eins og sjá má af upprunalegum tækjakosti. Hægt er að heimsækja hana yfir sumartímann.

· Nýsteinaldarfornleifaminjarnar í Ca Na Costa

Greftunarstaður sem var í notkun yfir langt tímabil á milli 2000 og 1600 f.kr. Tilvist hans sýnir fram á að eyjan hafi verið byggð í lok þriðja árfúsunds f. kr. Staðurinn samanstendur af hólfi sem er afmarkað með þremur hellum, hringjum hringjum hornsteini og fleiri hellum sem virðast hafa þjónað þeim tilgangi að greiða fyrir aðgengi.

· Varðturnar við strandlengjuna

Að frátaldrí sléttunni við la Mola, sem er varin með hömrum, er á allri eyjunni kerfi varðturna sem dreifast eftir strandlengjunni. Staðsettir á hernaðarlega mikilvægum stöðum með gott útsýni sín á milli, komu þeir að gagni þegar vara þurfti við ef til innrásar kom.



VERSLUN

MARKAÐIR

Markaðirnir starfa yfirleitt frá byrjun maí fram í miðjan október. Lista- og handverksmarkaðirnir starfa með ábyrgð frá sveitarfélagi Formentera sem tryggir að vörurnar eru hannaðar og unnar á verkstæðum á eyjunni. Þannig er annars vegar leitast við að styrkja og efla staðbundna handiðn, og hinsvegar tryggja gæði þeirra listamanna sem sækja innblástur í Formentera. Á handverksmörkuðunum er að finna hefðbundna handiðn: m.a. kórfur, "espadaryes" eða sandala, föt, textílvrur úr ull af búfenaði eyjunnar, skartgripí, kristal- og keramikvrur, leður og endurunnið efni. Og á Listamörkuðunum er hægt að finna verk sem unnin eru úr endurunnu efni og aðra list. Allar vörurnar og verkin eru persónulegir minjagripir.

· **LA MOLA HANDVERKSMARKAÐURINN:** miðvikudögum og sunnudögum frá 16:00 til 22:00.

Þetta er aðalmarkaðurinn á Formentera bæði vegna fjölda seljenda og gesta, og er hann orðinn vinsæll staður til þess að mæla sér mót. Á aðaltorgi markaðarins er yfirleitt lifandi tónlist og góð stemning myndast á nærliggjandi börum. Markaðinum komu lista- og handverksmenn á legg af eigin rammleik og nú er barist fyrir því að upphaflega hugmyndin haldi sér: að sýna, selja og efla handiðn og að auka möguleikann á annarskonar, óhefðbundnum lífstíl í iðnaðarsamfélagi nútímans.





VERSLUN

SANT FERRAN HANDVERKSMARKAÐURINN: fimmtudögum, föstudögum og laugardögum, síðdegis og fram á kvöld.

HANDVERKSMIÐSTÖÐIN "ANTONI TUR GABRIELET": Menningarmiðstöð með sýningarsölum og verkstæðum sem rekin er með því takmarki að endurheimta staðbundna handiðni, en einnig er á staðnum að finna sveitamarkað, "mercado pagés", þar sem seldar eru matvörur úr heimabyggð. Frá mánudegi til laugardags.

AÐRIR MARKAÐIR:

- Sant Francesc-markaðurinn: á hverjum morgni (frá 10:00 til 14:00).
- Savina-markaðurinn: á hverjum degi (opnar í júlí og er opinn til 9. september).
- Pujols-markaðurinn: öll síðdegi fram á kvöld.

OPNUNARTÍMAR. Búðir eru venjulega opnar frá 9:00-14:00 og frá 17:00-20:00. Yfir sumartímann eru þó margar búðir opnar síðdegis og fram á kvöld, einnig á sunnudögum og tyllidögum.





FERÐAÞJÓNUSTA OG ÍÞRÓTTIR

Formentera er ekki aðeins síðasta paradísin í Miðjarðarhafinu þar sem hægt er að njóta sín og slappa af; á eyjunni eru óviðjafnanlegar aðstæður til þess að stunda vatnaíþróttir, sérstaklega köfun vegna tærleika hafsins og mátulegs hitastigs. Í boði er margskonar afþreying en auk þess auðveldar sérstök lögun eyjarinnar segl- og brimbrettaiðkun og kajakróður allan ársins hring. Fyrir áhugamenn um göngu- og hjólaferðir eru á eyjunni 32 gönguleiðir sem eru vel merktir og liggja um þau svæði sem vekja sérstakan áhuga vegna langslagsins.

KÖFUN

Á Formentera eru óviðjafnanlegar aðstæður til þess að kafa vegna þess að hafið kemur sífellt á óvart með tærleika og litadýrð. Strandir eyjunnar eru einn af síðustu vel varðveittu stöðum Miðjarðarhafsins. Það er ekki af ástæðulausu að á Formentera er að finna Sjávarfriðlandið Es Freus Ibiza og Formentera, það er eina svæðið í öllu Miðjarðarhafinu sem enn er óspilt af manna völdum enda er það á Heimsminjaskrá UNESCO. Framúrskarandi skyggni (að 50m) og fjölbreytileiki landslags sjávar bjóða upp á kjör aðstæður til köfunar: hellir, kóralar, skipsflök, á litlu dýpi er hægt að upplifa einstakt landslag og sjá sléttur af njarðargrasi sem eru taldar með þeim best varðveittu í Miðjarðarhafinu. Hitastig vatnsins er um 30°C á sumrin, 22°C um vor og haust og 15°C á veturnar.



FERÐAÞJÓNUSTA OG ÍÞRÓTTIR

KAYAK

Við strandlengju eyjunnar eru aðstæður einstaklega góðar til þess að æfa kajakróður, auk þess sem einungis er hægt að komast að hellum og öðrum náttúrulegum fyrirbærum í hvítum klettunum sem vindur og sjór hafa sorfið til. Mælt er með sex leiðum til þess að kynna eyjinni á þennan hátt, en einnig er hægt að leita til ferðaþjónustufyrirtækja sem eru vel í stakk búin til þess að aðstoða áhugasama.

SIGLINGAR

Formentera er paradís siglingamannsins og 66 km löng strandlengjan er afar fjölbreytt. Túrkislitur sjávar, brattir hamraveggir og hvítar sandstrendur mynda unaðslegt útsýni til þess sigla um. Auk þess eru vegalengdirnar passlega stuttar til þess að sigla á milli norðurs og suðurs á eyjinni á tveimur klukkutímum. Um sumartímann blæs aðallega úr austri, og er það litilsháttar vindur, eða um 3 til 8 m/s. Á veturnar ræður vestanvindurinn oftast ríkjum og þá er allra veðra von, frá stormi allt að 30 m/s allt niður í blankalagn. Þess vegna er Formentera kjörin staður til þess að sigla fyrir byrjendur og fyrir fjölskylduna á sumrin, og fyrir sérfræðinga á veturnar. Siglingaaðstæður svo góðar að margir íþróttamenn hafa sett upp bækistöðvar á eyjinni.



FERÐAÞJÓNUSTA OG ÍÞRÓTTIR

Íþróttastöðin í FORMENTERA

1 innisundlaug 25 x 12.5 með búningaklefum · 1 fótboltavölur með gervigrasi (búningaklefar) · 3 tennisvellir og 3 strandtennisvellir · Upplýsingar: Formentera sveitafélagið · 971 321087 | 2034 · www.formentera.es

GRÆNI HRINGURINN

Í ljósi þess hvernig landið liggur á Formentera gefur augaleið að best er að ferðast um hana gangandi eða á hjóli, en auk þess að vera heilnæmur gefur þessi máti ferðalöngum færi á að kynnst stöðum sem annars færu forgörðum. Á Formentera eru hægt að velja um 32 gönguleiðir sem hægt er að fara gangandi, með göngustöfum eða á hjóli. Að ganga með göngustöfum, (Nordic Walking) er ein af þeim íþróttum sem helst er mælt með vegna einfaldleika og árangurs. Þau sem óska eftir að stunda íþróttina geta fengið upplýsingar um nauðsynlegan útbúnað hjá ferðaskrifstofum. Eyjan er einstaklega vel til þess fallin fyrir hjóltreidar vegna þess hve láglend hún er en þessi ferðamáti er einnig afar umhverfisvænn.

FUGLASKOÐUN

Formentera er vottlendissvæði og plöntu- og dýrakerfi einkennist af því, en það á þó sérstaklega við Estany Pudent og Salinas. Þess vegna hefur eyjan verið með í RAMSAR-samningnum um vottlendi síðan 1993. Fyrir nánari upplýsingar er mælt með vefnum www.formenterabirding.com og einnig til þess að kynna sér nánar hvaða fugla er hægt að skoða.





UPPLÝSINGAR UM FERÐAÞJÓNUSTU OG NÁTTÚRU

KÖFUN

- VELLMARÍ: La Savina · (+34) 971 32 21 05 · formentera@vellmari.com · info@vellmari.com · www.vellmari.com
- ORCA SUB: Migjorn (Insotel Hotel Group) · (+34) 971 32 84 43 | (+34) 639 6018 9 · ddorcasub@yahoo.it · www.orcasub.com
- BLUE ADVENTURE: Carrer de l'Almadrava, 67, La Sabina · 636 81 74 19 · 971 32 11 68 · info@blue-adventure.com · www.blue-adventure.com

VATNAÍÞRÓTTIR

· 4 NÓMADAS:

La Savina · (+34) 627 47 84 52 | (+34) 670 03 01 67

escuela@4nomadas.com · www.centronauticoformentera.com · www.4nomadas.com

· CENTER O'NEIL: Illetes · (+34) 609 71 17 74 · jesussantamaria@hotmail.com

· WET 4 FUN: Es Pujols. (+34)971 32 18 09 | (+34)609 76 60 84 · office@wet4fun.com · www.wet4fun.com



UPPLÝSINGAR UM FERÐAÞJÓNUSTU OG NÁTTÚRU

SIGLINGAR

- BARCA BAHÍA: (+34) 609 600 538
- BARCO SALAO: (+34) 609 847 116 · www.formenterawatertaxi.es
- CENTRO NÁUTICO: (+34) 627 478 452 · www.formenteracentronautico.com
- CRUCEROS FORMENTERA: (+34) 971 32 32 07 · www.cruceosformentera.com
- HELIX RENT A BOAT: (+34) 971 32 23 73 · www.helixrentaboat.com
- ISLA AZUL: (+34) 971 32 34 24 · www.islaazulcentronautico.com
- NÁUTICA PINS: (+34) 971 32 26 51 · www.nauticapins.com
- SAIGU: (+34) 674 409 358 · www.saiguformentera.com
- SA BARCA: (+34) 634 57 79 32 · www.sabarcadeformentera.com



UPPLÝSINGAR UM FERÐAÞJÓNUSTU OG NÁTTÚRU

SKIPALÆGI

- FORMENTERA MAR: (+34) 971 32 32 35 | (+34) 616 949 441 · info@formenteramar.com · www.formenteramar.com
 - MARINA DE FORMENTERA: (+34) 971 32 23 46 | (+34)971 321 033 · info@marinadeformentera.com · www.marinadeformentera.com
- Ekki er heimilt að leggja akkeri við njarðargrösín því akkerið og keðjan getur eyðilagt slétturnar. Fyrir upplýsingar og pantanir á baujum skal leita til www.cbbasea.com og sjónvarpsstöðvarinnar VHF 77.

ANNAR

- ES BOIXETS: (+34) 669 572 896 · www.rutasesboixets.com
- WALKING FORMENTERA: (+34) 606 536 880 · www.walkingformentera.es
- DISFRUTA FORMENTERA: (+34) 686 459 054 · disfrutafortentera@gmail.com

Á Formentera eru 32 GRÆNAR GÖNGULEIÐIR sem ná samanlagt meira en 100 km lengd og um þá hægt er að fara gangandi, með göngustöfum eða á hjóli. Korti og bækling um Græna hringinn er hægt að hlaða niður hjá www.formentera.es

TENNIS OG STRANDTENNIS

- ILLA DE FORMENTERA TENNISKLÚBBURINN: (+34) 971 32 36 28 · tenisilladeformentera@gmail.com
- CALA SAONA PÁDEL KLÚBBURINN: (+34) 622 26 56 33 · www.hotelcalasaona.com

FUGLAR OG NÁTTÚRA

- CENTRO DE INTERPRETACIÓN DE CAN MARROIG: (+34) 971 30 14 60 ext. 3 · espaisdenatura@gmail.com





© 2010

26 LLEVANT

SKIPULEGGÐU FERÐINA ÞÍNA

FERÐAUPPLÝSINGAR

La Savina: (+34) 971 32 20 57 · informacioturistica@formentera.es

Es Pujols: (+34) 971 32 89 97 · espujols@formentera.es

Sant Francesc: (+34) 971 32 36 20 · sanfrancesc@formentera.es

Ferðamálaráð Formentera:

(+34) 971 32 12 10 - turismo@formentera.es - www.formentera.es

SKIPAFERÐIR (Ibiza - Formentera - Ibiza)

Mediterránea Pitiusa (Ibiza-Formentera): (+34) 971 32 24 43 - www.medpitiusa.net

Trasmapi: (+34) 971 32 29 30 - (+34) 902 314 433 - www.trasmapi.com

Balearia: (+34) 971 31 20 71 - (+34) 902 160 180 - www.balearia.com

Aquabus: Ferja Ibiza Formentera Económico - www.aquabusferryboats.com





SKIPULEGGÐU FERÐINA ÞÍNA

GISTING:

www.formentera.es

SAMTÖK HÓTELA: www.formenterahotelsguide.com

FERÐASKRIFSTOFUR:

ES FREUS: Sant Joan, Cantonada 8 d'Agost, 07860 Sant Francesc · (+34) 971 32 22 84|85 · esfreusformentera@contec.es
www.esfreus.com

ISLAMAR: Espalmador 71, 07871 Es Pujols · (+34) 971 328279 · reservas@viajesislamar.com · www.viajesislamar.com

SAMGÖNGUR

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Almenningsvagnar keyra um Formentera allan ársins hring, en með aukinni tíðni yfir sumarmánuðina. Ferðaáætlun og upplýsingar:
Autocares Paya: (+34) 971 32 31 81 · www.busformentera.com

LEIGUBÍLAR

Leigubílaþjónusta er einng til staðar og er bíla að finna við höfnina í Savina eins og í öllum þéttbýliskjörnum, einn af leigubílanum er sniðin að þörfum fatlaðra. Einnig er til staðar leigubátaþjónusta fyrir einstaklinga, á milli Ibiza og Formentera. Leigubílar: Es Pujols: (+34) 971 32 80 16 · Sabina-höfn: (+34) 971 32 20 02 · San Francisco: (+34) 971 32 20 16 · Radio Taxi: (+34) 971 32 23 42

RÚTULEIGA

FORMENTERA SOLBUS: (+34) 971 32 31 81 · www.autocarespaya.com

PITÚSA SUD: (+34) 971 32 90 33 · www.autocarspitiusud.com



Laura Abad

36 CALA EN BASTER

SKIPULEGGÐU FERÐINA ÞÍNA

FARARTÆKJALEIGA

Agustín	971 32 80 60		
Autos Ca Mari	971 32 80 55	971 32 80 55	autoscamaris@hotmail.com www.autoscamariformentera.com
Autos Es Caló	971 32 70 42		autosescalorafalet@gmail.com
Autos Formentera	971 32 28 17	971 32 31 01	autosformentera@teleline.es www.autosformentera.com
Autos la Laguna	971 32 84 92		www.autoslalaguna.com
Autos San Fernando	971 32 26 95	971 32 83 70	renaultfor@hotmail.com www.rentacarsanfernando.com
Avis	971 32 10 13		www.avis.es
E-mobile (eléctricos)	971 32 35 24	682 80 45 70	emobile@gmx.net
Europcar	971 32 20 31		www.europcar.com
Cooltra	971 30 57 30	606 82 74 76	formentera@cooltra.com www.cooltra.com
Formentera car	971 32 35 60	615 79 27 26	info@formenteracar.es www.formenteracar.es
Formotor	971 32 29 29	971 32 27 52	rent@formotor.com www.formotor.com
Isla Blanca	971 32 25 59		www.proautorentacar.com
Moto rent la Savina	971 32 22 75		www.lasavinentacar.com
Mirada rent a car & motorbikes	971 32 88 88		
Moto rent Migjorn	971 32 23 06	971 32 32 01	reserva.moto@gmail.com www.reservamoto.com
Moto rent Pujols	971 32 21 38	971 32 28 46	info@motorentpujols.com www.motorentpujols.com
Moto rent Reyes	971 32 33 37		motorentreyes@yahoo.es
Proauto	971 32 32 26	971 32 32 26	www.proautorentacar.com



- 1 > LA SAVINA - SES ILLETES
- 2 > LA SAVINA - SANT FRANCISCO - ES PUJOLS
- 3 > LA SAVINA - CALA SAONA
- 4 > SANT FRANCISCO - SES ESCOLES - CAN MARRROIG
- 5 > CAN MARRROIG - PUNTA DE LA GAVINA
- 6 > SANT FRANCISCO - PORTOGALLE
- 7 > SANT FRANCISCO - SES BARDETES - CALA SAONA
- 8 > SANT FRANCISCO - SES BARDETES - FAR DE BARBARIA
- 9 > ES CAP - PUNTA PARRA
- 10 > SANT FRANCISCO - SES BARDETES - FAR DE BARBARIA
- 11 > ES MAL PAS - FAR DE BARBARIA
- 12 > ES CAP - TORRENT DE S'ALGA
- 13 > SANT FRANCISCO - ES MAL PAS
- 14 > ES PUJOLS - ES MAL PAS
- 15 > ES PUJOLS - LA MOLA
- 16 > SANT FRANCISCO - SANT FERRAN
- 17 > SANT FERRAN - ES PUJOLS - ESTANY PUJENT
- 18 > SANT FERRAN - ES PUJOLS - PUNTA PRIMA
- 19 > ES PUJOLS - SES ILLETES
- 20 > ES PUJOLS - ES CA MARI
- 21 > SANT FERRAN - CALA EN BASTER - PLATJA DE MOJORN
- 22 > SANT FERRAN - ES CA MARI
- 23 > ES DARNATGE - ES ARENALS
- 24 > ES CALÓ - EL PILAR DE LA MOLA
- 25 > RASÓ DE SA PUJADA - ES RAM
- 26 > EL PILAR DE LA MOLA - S'ESTUFADOR - ES RAM
- 27 > EL PILAR DE LA MOLA - PUNTA ROJA
- 28 > EL PILAR DE LA MOLA - FAR DE LA MOLA
- 29 > EL PILAR DE LA MOLA - ES MONESTIR
- 30 > EL PILAR DE LA MOLA - SA GALA
- 31 > EL PILAR DE LA MOLA - SA GALA
- 32 > PLA DE LA MOLA

	Informació turística Información turística Information office
	Platja Playa Beach
	Vista panoràmica Vista Panoràmica Panoramic views
	Església Iglesia Church
	Molí Molino Mill
	Torre de defensa Torre de defensa Defense tower
	Caselles venedor Embarcadores Clare
	Abiriment d'aus Observación de aves Birdwatching
	Explotació vinícola Explotación vinícola Winegrowing



Alex Martin



Consell Insular
de Formentera

www.formentera.es

